

## Deildarmót Austurlandsdeildar SFÍ Eyrarlandi

Síðara haustmót Austurlandsdeildar SFÍ var haldið að Eyrarlandi 11. nóvember síðastliðinn. Eftir að hafa lengst af ferðast í grenjandi rigningu og svartapöku voru farnar að renna tvær grímur á þá keppendur sem komu lengra að. Það var þó ekki ástæða til að örvænta því þegar sá í Eyrarland létti til og fór mótið fram við góðar aðstæður þó þokan hafi aðeins reynt að stríða þátttakendum á köflum. Á Eyrarlandi var öll umgjörð til fyrirmyndar eins og fyrri daginn og valinn maður í hverju rúmi. Þar var gott brautarstæði með ágætri yfirsýn og kindurnar þjálpar. Aðeins soga frá útihúsum en kindurnar voru sanngjarnar og gáfu áreynslulítið eftir þegar hundarnir komust fyrir þær. Vegleg verðlaun voru í boði en Jötunn Egilsstöðum og Landstólpi Egilsstöðum styrktu deildina með verðlaunum í formi hundafóðurs.



Alls tóku níu hundar þátt og hundar í A-flokki fengu tvö rennsli hver þar sem betra rennslið gildi til úrslita. Dómari var Agnar Ólafsson frá Tjörn.

Deildin þakkar öllum sem komu að mótinu með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir. Reglulega gaman að það hafi verið hægt að koma á tveimur deildarmótum þetta árið. Menn og hundar reynslunni ríkari. Vonandi ávísun á það sem koma skal.

### **ÚRSLIT VORU EFTIRFARANDI:**

#### **A-FLOKKUR (110 stiga keppni)**

1. Þorvarður Ingimarsson og Spaði frá Eyrarlandi - 95 stig (M: Lýsa frá Hafnarfirði - F: Prins frá Daðastöðum)
2. Elísabet Gunnarsdóttir og Kolur frá Húsatóftum - 82 stig (M: Kría frá Daðastöðum - F: Brúsi frá Brautartungu)
3. Elísabet Gunnarsdóttir og Panda frá Daðastöðum - 79 stig (M: Skotta frá Daðastöðum - F: Dan frá Skotlandi)
4. Sverrir Möller og Gutti frá Hafnarfirði - 74 stig (M: Ólína frá Hafnarfirði - F: Karven Taff frá Wales)
5. Marzibil Erlendadóttir og Skutla frá Skálholti - 57 stig (M: Týra frá Innri-Múla - F: Karven Taff frá Wales)



### UNGHUNDAFLOKKUR (100 stiga keppni)

1. Sverrir Möller og Garri frá Auðólfstöðum - 63 stig (M: Týra frá Hafnarfirði - F: Grímur frá Daðastöðum)
2. Sverrir Möller og Kári frá Auðólfstöðum - 61 stig (M: Týra frá Hafnarfirði - F: Grímur frá Daðastöðum)
3. Sigurður Max Jónsson og Tása frá Ósi, ógilt (M: Káta frá Ósi - F: Snati frá Eyrarlandi)



### B-FLOKKUR (100 stiga keppni)

1. Marzibil Erlendsdóttir og Valur frá Tjörn, ógilt (M: Brook frá Wales - F: Spaði frá Eyrarlandi)

MYNDAALBÚM:

<http://smalahundur.123.is/photoalbums/288778/>